



TENGLANET UM UPPLÝSINGA-
OG MIÐLALÆSI

#2 Samfélagsmiðlar og aldursmerkingar

Fræðslumyndband (7:03 mín)

Stutt og hnitmiðuð fræðslumyndbönd eru frábær til að kveikja gagnrýna hugsun og umræður!

Fræðslumyndbandið **Samfélagsmiðlar og aldursmerkingar** (7:03 mín) inniheldur upplýsingar úr víðtækri [rannsókn Fjölmiðlanefndar og Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands](#) meðal barna og ungmenna á aldrinum 9 - 18 ára vorið 2021. Samkvæmt skilmálum samfélagsmiðla þurfa einstaklingar að hafa náð 13 ára aldri til þess að stofna þar sinn eigin aðgang. Á Íslandi eru um 60% barna á aldrinum 9-12 ára með aðgang á TikTok og Snapchat. Hér er rætt við Skúla Braga Geirdal verkefnastjóra miðlalæsis hjá Fjölmiðlanefnd um mikilvægi þess að viðra aldurstakmörk á samfélagsmiðlum. Ásamt því fáum við að heyra upplifun ungmenna úr Ungmennaráðum Samfés og Samtakanna '78.

Samfélagsmiðlar og aldursmerkingar er megin umræðuefnið og er sett í samhengi við **samskipti á netinu** og hvað við setjum inn, komið inn á stafrænt fótspor og hvaða áhrif algóritmi hefur. Stuðningsefnið er einkum hugsað fyrir miðstig en ef ekki hefur verið farið í efnið með eldri nemendum er sjálfsagt að gera það.

Undirbúningur

Skref 1

Kynntu þér efni fræðslumyndbandsins

Skoðaðu þá staði í myndbandinu sem þú telur mikilvægt að staldra við (pause) og ræða frekar við nemendur.

Með nemendum fyrir áhorf

Skref 2

Samræður - megin punkta má draga fram með skráningu í tölvu sem varpað er á vegg, skráningu á veggspjald eða á töflu. Spurningunum er ætlað að virkja gagnrýna hugsun og rök hugsun:

- Er nauðsynlegt að eiga síma? Hvers vegna?
- Til hvers notið þið síma?
- Hvenær erum við ekki með símann hjá okkur?
- Hvað haldið þið að þið eyðið miklum tíma á dag í skjánotkun?
- Hvað haldið þið að þið eyðið miklum tíma á dag á samfélagsmiðlum?

Gögn yfirfarin og greind. Samræður.

Skref 3:

Sýning á myndbandinu

Samfélagsmiðlar og aldursmerkingar

(7:03 mín)

Skref 4

Samræður tengdar efni fræðslumyndbandsins - meginpunkta má draga fram með skráningu í tölvu sem varpað er á vegg, skráningu á veggspjald eða á töflu. Spurningunum er ætlað að virkja gagnrýna hugsun og rökhugsun meðal nemenda um samfélagsmiðla og aldursmerkingar.

- Eruð þið með aðgang að samfélagsmiðli og ef já til hvers notið þið þann aðgang? Getið þið gert það án þess að nota samfélagsmiðil?
- Hvaða samfélagsmiðlar eru vinsælastir hjá ykkur og ykkar vinum?
- Hafið þið einhvern tímann séð eitthvað á samfélagsmiðlum sem ykkur leið ekki vel með?
- Hvaða reglur finnst ykkur að eigi að gilda um samfélagsmiðla?
- Afhverju haldið þið að séu aldurstakmörk á samfélagsmiðlum?

Samfélagsmiðlar nota **algóritma** (reiknirit) til þess að beina að okkur efni sem við erum líklegri til að staldra við eða bregðast við (reaction). Það sem við gerum á netinu (okkar fótspor) hjálpar algóritmanum að átta sig á okkar hegðun.

Skref 5

Tölulegar staðreyndir sem koma fram í myndbandinu - upplagðir punktar í samræður:

- 97% barna á unglunga og miðstigi eiga sinn eigin farsíma.
- YouTube er vinsælasti samfélagsmiðillinn 88% á miðstigi og 94% á unglungastigi.
- Á miðstigi nota 59% TikTok, 57% Snapchat og 29% Instagram allir miðlarnir eru með 13 ára aldurstakmarki.
- 15% nemenda á miðstigi deilir eða sendir myndbönd á TikTok, Snapchat eða Instagram án þess að vera með aldur til að nota miðlana.
- Rúmur þriðjungur nemenda í 8.-10. bekk og í framhaldsskóla deilir myndum sem sýna andlit þeirra, en það er afar fátítt meðal nemenda í 4.-7. bekk (9%).
- Um fjórðungur nemenda 4.-7. bekk líkar daglega við færslur, 49% í 8.-10. bekk.

Fleiri verkefni sem tengjast efni myndbandsins

Skref 6

[Spjall, en vertu snjall!](#) (Fræðsla, skyggnukynning)

Lykilspurning: Hvernig áttu öruggar samræður við einhverja sem þú hittir á netinu?

Athugaðu að til að breyta glærum þarf að afrita glærupakkann fyrst (Skrá - Búa til afrit). Athugaðu einnig að myndböndin í glærunum eru á ensku og þau gætuð þið þurft að endursegja og útskýra fyrir nemendahópinn því það skilja ekki allir ensku.

Skref 7

Hver er munurinn á samskiptum á netinu utan þess?

- Gerið T-spjald (2 dálkar og yfirskriftirnar: Á netinu - Ekki á neti).
- Nemendur ræða í hópum og skrá.
- Kennari dregur saman niðurstöður á skjá, veggspjald eða á töflu.

Skref 8

Ég sjálf / -ur/ -t.

Gerið T spjald (2 dálkar og yfirskriftirnar: Er... Er ekki).

Hver og einn lýsir því hver hann er á netinu og hver hann er ekki á netinu.

Hver er munurinn? Greinið og ræðið með nemendum.

Ítarefni

[Aldursmerkingar](#)

[Aldursmerkingar](#) í kvikmyndum, þáttum og bíómyndum

[Samskipti á netinu](#). Lærðu góðar venjur með Andrésí og félögum.

[Ábendingalína Barnaheilla](#)

[Samfélagsmiðlar - veggspjald](#)

[Upptaka af fyrirlestri um börn og netmiðla](#) - Skúli B. Geirdal

